



Framkvæmdaleyfi Suðurlandsvegur frá Lögbergsbrekku að Gunnarshólma í Kópavogsbæ

Greinargerð bæjarstjórnar Kópavogsbæjar
með framkvæmdaleyfi

Júní 2023

Drög dags.: 2. júní 2023

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026



Efnisyfirlit

1	Um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar	1
2	Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi	2
	2.1 Yfirferð á umsókn Vegagerðarinnar	2
3	Mat á umhverfisáhrifum, og álit Skipulagsstofnunar	3
	3.1 Matsskýrsla Vegagerðarinnar	3
	3.2 Álit Skipulagsstofnunar	3
	3.2.1 Áhrif á samfélag - Umferðaröryggi	3
	3.2.2 Áhrif á vatnsból.....	4
	3.2.3 Áhrif á hljóðvist.....	4
	3.2.4 Áhrif á útivist.....	5
	3.2.5 Áhrif á jarðmyndanir og náttúruminjar	5
	3.2.6 Áhrif á vatnafar	6
	3.2.7 Áhrif á gróður.....	6
	3.2.8 Áhrif á fugla	7
	3.2.9 Áhrif á vatnalíf	7
	3.2.10 Áhrif á fornminjar	7
	3.2.11 Áhrif á landslag og sjónrænir þættir	8
4	Forsendur ákvörðunar.....	9
	4.1 Lagaleg umgjörð.....	9
	4.2 Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040	9
	4.3 Deiliskipulag	9
	4.4 Náttúruvernd	10
	4.5 Önnur leyfi	10
	4.6 Samþykki landeigenda	10
	4.7 Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum	10



1 Um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar hefur farið yfir umsókn Vegagerðarinnar, dags. febrúar 2023, um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurlandsveg, frá Lögbergsbrekku að Gunnarshólma, í samræmi við 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 25. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þágildandi lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Bæjarstjórn og skipulagsráð Kópavogsbæjar hafa farið yfir gögn framkvæmdaleyfisumsóknar og telja að:

1. Framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt og framkvæmd er sú sem lýst er í matsskýrslu. Samkvæmt umsókn verður í upphafi byggð gatnamót í planlegu við Lækjarbotna/Geirland en ekki mislæg vegamót. Engu að síður er gert ráð fyrir því að mislæg vegamót geti verið byggð síðar og er gert ráð fyrir því í deiliskipulagi fyrir Suðurlandsveg frá Fossvöllum og Hólmsá.
2. Hönnunargögn séu fullnægjandi.
3. Afgreiðsla starfsleyfis Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness er að ljúka.
4. Samþykki forsætisráðuneytisins liggur fyrir, sem landeigandi. Vegagerðin vinnur að samningum við landeiganda Lækjarbotnalandi 58.
5. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040 og staðfest deiliskipulag Suðurlandsveg.
6. Matsskýrsla Vegagerðarinnar og álit Skipulagsstofnunar séu fullnægjandi til að taka afstöðu til umhverfisáhrifa. Bæjarstjórn hefur tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.
7. Deiliskipulag framkvæmda við Suðurlandsveg ásamt umhverfismatsskýrslu og viðbrögðum við framkomnum umsögnum og athugasemdum.
8. Fullnægjandi gögn liggja fyrir til að bæjarstjórn geti tekið rökstudda afstöðu til leyfisumsóknar Vegagerðarinnar.

Það er niðurstaða bæjarstjórnar að veita framkvæmdaleyfi fyrir Suðurlandsvegi frá Lögbergsbrekku að Gunnarshólma. Í undirbúningi að ákvörðun hefur m.a. verið litið til forsendna fyrir framkvæmd, umhverfisáhrifa valkosta, litið til möguleika til að draga úr umhverfisáhrifum, samræmis við aðalskipulag Kópavogsbæjar, álits Skipulagsstofnunar og deiliskipulags framkvæmda. Við afgreiðslu umsóknar hefur verið gætt að ákvæðum laga um náttúruvernd, annarra laga og reglugerða sem eiga við.

Bæjarstjórn telur að það sé brýn nauðsyn að ráðast í breikkun Suðurlandsveg. Sú nauðsyn felst í auknu umferðaröryggi. Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdar í Kópavogi verða á hljóðvist, fuglalíf og ákveðin hættu er vegna framkvæmda sem fara fram innan vatnsverndarsvæðis. Að mati bæjarstjórnar liggja ekki fyrir aðrir raunhæfir kostir sem hafi umfangsminni áhrif á jarðmyndanir. Auk þess liggur fyrir umsögn Umhverfisstofnunar um deiliskipulag framkvæmdanna í samræmi við 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Leyfi fyrir Suðurlandsvegi byggir m.a. á því að í framkvæmdaleyfið verði settir skilmálar um mótvægisáðgerðir og vöktun sem koma fram í matsskýrslu, álit Skipulagsstofnunar og umsókn Vegagerðarinnar til að tryggja að dregið verði sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Einnig að frágangur verði eins og lýst er í umsókn Vegagerðarinnar.



Í þessari greinargerð er yfirlit um helstu forsendur og viðfangsefni sem bæjarstjórn Kópavogsbæjar lítur til við ákvörðun um framkvæmdaleyfið. Í afgreiðslu sveitarfélagsins er m.a. litið til skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, laga nr. 80/2012 um menningarminjar og vegalög nr. 80/2007.

2 Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi

2.1 Yfirferð á umsókn Vegagerðarinnar

Vegagerðin sótti um framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Suðurlandsvegar innan marka Kópavogsbæjar. Samkvæmt umsókninni eru markmið framkvæmdarinnar að:

- Auka umferðaröryggi og afkastagetu Suðurlandsvegar með því að aðskilja akbrautir og fjölga akbrautum.
- Breyta vegfláum og öryggissvæðum og draga úr líkum á bílveltum og árekstrum og þar með hættu á mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins.

Gögn sem fylgdu umsókn Vegagerðarinnar eru:

- Afstöðumynd í mælikvarða 1:10.000, sem sýnir m.a. staðhætti, legu framkvæmda, tengivega og gatnamóta og umfang fyllinga.
- Framkvæmdalýsing, dags. febrúar 2023, þar sem:
 - Framkvæmdaþáttum er lýst.
 - Gerð er grein fyrir magni af jarðefnum sem þarf til framkvæmdanna.
 - Gerð er grein fyrir frágangi framkvæmdasvæða og mótvægisáðgerðum.
 - Gerð er grein fyrir framkvæmdatíma.
- Matsskýrsla Vegagerðarinnar frá júní 2009 ásamt fyrirbyggjandi rannsóknum.
- Áhættumat vatnsverndar, dags. maí 2021, unnið af Hnit verkfræðistofu, Kanon arkitektum og Raftákni.

Auk þess liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, dags. 9. júlí 2009 og deiliskipulag fyrir Suðurlandsveg frá Fossvöllum og Hólmsá, dags. 30. júní 2022.

Fyrirliggjandi gögn eru í samræmi við þær kröfur sem koma fram í skipulagslögum, lögum um umhverfismat og reglugerð um framkvæmdaleyfi.



3 Mat á umhverfisáhrifum, og álit Skipulagsstofnunar

Eftirfarandi er rökstudd afstaða bæjarstjórnar til mats á umhverfisáhrifum og álits Skipulagsstofnunar dags. 9.7.2009.

3.1 Matsskýrsla Vegagerðarinnar

Kópavogsbær tekur undir það álit Skipulagsstofnunar að matsskýrsla Vegagerðarinnar uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrifum, valkostum og mótvægisáðgerðum er lýst á fullnægjandi hátt, ásamt því að gerð er grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust og þeim svarað á fullnægjandi hátt.

Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi er í samræmi við framkvæmd sem kynnt var í matsskýrslu Vegagerðarinnar. Yfirlitsmynd og framkvæmdalýsing í umsókn um framkvæmdaleyfi eru m.a. í samræmi við mynd 3-2 í matsskýrslu um kennisnið 2+2 Suðurlandsvegur og tvöföldun verði norðan við núverandi veg. Í matsskýrslu Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir hliðarvegum og mislægum vegamótum. Samkvæmt umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi verða í upphafi byggð gatnamót í planlegu við Lækjarbotna/Geirland en ekki mislæg vegamót. Í deiliskipulagi er tekið frá landrými fyrir slíkum vegamótum, þannig að unnt verði að byggja þau síðar þegar þörf krefur. Bæjarstjórn telur ofangreind áfangaskipting framkvæmda sé í samræmi við kynnt áform og að umhverfisáhrif vegna smávægilegra hliðrunar á hliðarvegum komi ekki til með að breyta niðurstöðum matsskýrslu um umhverfisáhrif eða ganga gegn áliti Skipulagsstofnunar frá 2009.

3.2 Álit Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar, dags. 9. júlí 2009 um mat á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði. Umræddur vegkaflí sem sótt er um leyfi fyrir er tiltölulega stuttur og er umfjöllun í áliti Skipulagsstofnunar og matsskýrslu í samræmi við það.

Bæjarstjórn hefur tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um alla umhverfisþætti til skoðunar. Bæjarstjórn tekur undir mat Skipulagsstofnunar á áhrifum. Í áliti sínu á heildarframkvæmdum eru veigamestu áhrifin á nútímahraun og búsvæði fugla. En einnig verða að mati Skipulagsstofnunar talverð neikvæð áhrif á gróður, landslag, fornminjar og útivist. Þá telur Skipulagsstofnun að talsverð áhrif geti orðið á vatnsból og vatnalíf ef mengunarslys verði á framkvæmdatíma. Kópavogsbær hefur því farið sérstaklega yfir ofangreinda umhverfisþætti við ákvörðun um framkvæmdaleyfi.

Bæjarstjórn telur að álit Skipulagsstofnunar sé í samræmi við matsskýrslu Vegagerðarinnar og fullnægjandi til að hægt sé að taka ákvörðun um framkvæmdaleyfi.

3.2.1 Áhrif á samfélag - Umferðaröryggi

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur ljóst að með því að tvöfalda veginn og aðskilja akstursteftur sé dregið úr líkum á því að ökutæki úr gagnstæðri átt lendi saman, sem teljist verulega jákvæð áhrif þar sem slík slys séu algengari á Suðurlandsvegi en öðrum þjóðvegum landsins og teljist til alvarlegustu slysanna sem verða.

Út frá framlögðum gögnum metur Skipulagsstofnun að óháð kostum sem lagðir eru fram um tvöföldun Suðurlandsvegur, þá hafi þeir allir jákvæð áhrif á umferðaröryggi. Stofnunin telur sig hins vegar ekki hafa forsendur til að leggja mat á hver kostanna sé bestur m.t.t. umferðaröryggis.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir álit Skipulagsstofnunar um að framkvæmdir komi til með að hafa veruleg jákvæð áhrif á umferðaröryggi. Markmiðið með þeirri framkvæmd sem veita á nú framkvæmdaleyfi fyrir í landi Kópavogs er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari umferð. Þessu markmiði verður m.a. náð með tvöföldun vegarins, aðskilnað aksturstefna og lagfæra hliðarsvæði.

3.2.2 Áhrif á vatnsból

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að þar sem framkvæmdasvæðið er að mestu innan vatnsverndarsvæða (grannsvæðis og fjarsvæða A og B) sé mjög mikilvægt að á framkvæmdatíma sé unnið í góðu samstarfi við viðkomandi heilbrigðiseftirlit. Skipulagsstofnun telur að vel sé greint frá mögulegum mengunarvörnum. Stofnunin telur mjög mikilvægt að við útboð verksins hafi verið tekin ákvörðun um að samhliða tvöföldun vegarins verði unnið að framkvæmd mengunarvarna til samræmis við þær mögulegu varnir sem greint er frá í matsskýrslu. Skipulagsstofnun tekur undir með Vegagerðinni að komi til mengunaróhappa á meðan framkvæmdum standi geti áhrif á vatnsból orðið talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun telur að breytingar á Suðurlandsvegi séu ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn á rekstrartíma.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála áliti Skipulagsstofnunar um að mesta hættan á mengunaróhappi sé á framkvæmdatíma, en óveruleg hætta sé á rekstrartíma vegarins. Bæjarstjórn tekur jafnframt undir mikilvægi mengunarvarna og að unnið verði að framkvæmd mengunarvarna samhliða tvöföldun þess vegkafla sem veita á nú framkvæmdaleyfi fyrir í landi Kópavogs með áherslu á gott samstarf við heilbrigðiseftirlit svæðisins. Vegagerðin leggur fram áhættumat vatnsverndar, dags. 2021, og hefur þannig uppfyllt tilmæli Skipulagsstofnunar. Í áhættumatinu er gerð grein fyrir mengunarvörnum, viðbragðsáætlunum og lýsing á starfsreglum verktaka.

Bæjarstjórn telur að verði fylgt því verklagi sem greint er frá í áhættumati umsóknar verði framkvæmdir ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn, hvorki á framkvæmdatíma eða rekstrartíma. Hluti af aðgerðum til að lágmarka mengunarhættu á framkvæmdatíma er m.a. að tryggja fullnægjandi ástand vinnutækja, fullnægjandi innra og ytra eftirlit og að verktakar þekki viðbrögð við óhappi á vatnsverndarsvæðum. Gerðar verða þær kröfur til verktaka að þeir fylgi gildandi lögum og reglugerðum varðandi meðhöndlun á olíu og öðrum spilliefnum. Kópavogsbær hefur lagt fram ákveðið verklag við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum og telur mikilvægt að verktaki taki mið af því. Að auki leggur bæjarstjórn áherslu á, til að draga úr hættu á grunnvatnsmengun, að ekki verði gert ráð fyrir hjáleiddum á vatnsverndarsvæðum og að nota skuli mold og jökulruðning í miðdeili og vegfláa innan ákomusvæðis vatnsverndar þar sem það hleypir síður í gegnum sig mengandi efnum ef slys verður.

3.2.3 Áhrif á hljóðvist

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að áhrif af gerð 2+1 og 2+2 vegar í þröngu sniði verði fremur lítil og innan viðmiðunarmarka. Hávaði mun aukast í nágrenni Geirlandsvegamóta við það að vegurinn verður breikkaður í 4 akreinar ef gert er ráð fyrir miðdeili og með hækkun vegstæðisins við Lækjarbotna.

Ljóst er að miðað við niðurstöður hljóðvistarútreikninga þarf að byggja allt að 4 m háar hljóðmanir svo hávaði við hús í næsta nágrenni við 2+2 veg í víðu sniði haldist innan viðmiðunarmarka, en mun þó ekki duga frístundahúsinu Vinaminni. Þrátt fyrir hljóðmanir mun hávaði frá 2+2 vegi með mislægum vegamótum auka hávaða í nágrenni Geirlands og Gunnarshólma lítillega miðað við núverandi ástand.



Skipulagsstofnun telur að miðað við núverandi landnotkun í nágrenni Suðurlandsvegjar þá verði heildaráhrif á hljóðstig ekki verulega neikvæð. Það breyti því ekki að áhrif á einstaka hús við Geirlandsvegsmót mun miðað við umferðarspá 2020 sem unnin var 2009 breytast lítillega til hins verra verði 2+2 vegur lagður í víðu snið og bendir Vegagerðinni á að mikilvægt er ákvæði um viðmiðunarmörk í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða séu virt.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála álit Skipulagsstofnunar um að mikilvægt sé að ákvæði um viðmiðunarmörk í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða séu virt, sem eru 55 dB(A). Hluti af framkvæmd felst í að reisa hljóðmanir norðan við veginn til þess að hljóðstigið verði undir mörkum reglugerðar við Gunnarshólma og Geirland og önnur hús í Lækjarbotnum að undanskildu sumarhúsinu Vinaminni. Kópavogsbær hefur skoðað umferðatölur fyrir árið 2022 og eru þær talsvert undir umferðaspá sem var notuð í útreikningum fyrir hljóðvist í matsskýrslufárið 2009. Mótvægisáðgerðir sem felast í byggingu hljóðmana koma því til með að ná settu markmiðum um hljóðstig í nágrenni vegjarins.

3.2.4 Áhrif á útivist

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að þar sem 2+2 vegur með mislægum vegamótum hafi talsvert neikvæð áhrif á landslag m.a. Svínahraun, sem er á náttúruuminjaskrá hafi það væntanlega neikvæð áhrif á þá sem njóta útivistar í nágrenni Suðurlandsvegjar, t.d. gönguskiðafólk. Einnig mun hávaði frá 2+2 vegi með mislægum vegamótum færa út það svæði sem verður fyrir áhrifum hávaða og þar með hafa áhrif á þá sem njóta útivistar í nágrenni hans. Skipulagsstofnun telur hinsvegar að áhrif 2+1 vegar eða 2+2 vegar með þröngu sniði á útivist komi ekki til með hafa eins neikvæð áhrif og 2+2 vegur og mislæg vegamót.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála álit Skipulagsstofnunar um að breikkun vegar geti haft áhrif á upplifun þeirra sem njóta útivistar í nágrenni Suðurlandsvegjar vegna hávaða og breytinga á landslagi. Byggðar verða hljóðmanir norðan við breikkunina til að draga úr hávaða frá umferð.

3.2.5 Áhrif á jarðmyndanir og náttúruminjar

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin hafi bein neikvæð áhrif á nútímahraun sem njóta verndar 37. gr. náttúruverndarlaga [sambærileg og 61. gr. núverandi náttúruverndarlaga]. Nýlagning vegjarins á þessum hraunum verður samsíða núverandi vegi og rask á hrauni ræðst af því hversu breið veglínán kemur til með að verða. Þannig verður miklu meira rask á hraunum vegna 2+2 vegar og mislægum vegamótum sem honum fylgja, heldur en vegna 2+1 vegar eða 2+2 vegar í þröngu sniði. Skipulagsstofnun tekur undir með Vegagerðinni að tvöföldun Suðurlandsvegjar með mislægum vegamótum muni hafa verulega neikvæð áhrif á jarðmyndanir vegna umfangsmiklar röskunar á nútímahrauni og þar með neikvæðum áhrifum á náttúruminjar, þ.e. Svínahraun. Bein áhrif framkvæmdarinnar á náttúruvættið Tröllabörn verða ekki veruleg að mati Skipulagsstofnunar. Stofnunin telur að áhrif vegna 2+2 vegar í þröngu sniði muni hafa nokkur neikvæð áhrif, en áhrif 2+1 vegar muni ekki verða verulega neikvæð á jarðmyndanir.

Afstaða bæjarstjórnar

Tekið er undir álit Skipulagsstofnunar um áhrif framkvæmda innan marka Kópavogs á jarðminjar verði óveruleg og þar skiptir miklu máli að friðlýsta náttúruvættið Tröllabörn, sem er sunnan Suðurlandsvegjar, verði ekki fyrir áhrifum. Sá hluti Suðurlandsvegjar sem tvöfalda á í grennd við Tröllabörn tilheyrir þessum áfanga framkvæmdanna. Raski á svæðinu mun því verða haldið í lágmarki og myndi verða umtalsvert meira ef finna ætti aðra leið fyrir nýjan veg. Ekki verður um að ræða



skerðingu á náttúruvættinu Tröllabörnum í Lækjarbotnum þar sem fyrirhuguð breikkun verður norðan við núverandi veg. Bæjarstjórn leggur áherslu á að friðlýst svæði við Tröllabörn verði vandlega merkt með fánalínu og lögð verði rík áhersla á að þessu svæði verði ekki raskað við umferð vinnuvéla.

Að mati bæjarstjórnar kemur breikkun vegarins ekki til með að draga úr verndargildi jarðmyndana á svæðinu.

3.2.6 Áhrif á vatnafar

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu sé nægjanlega gerð grein fyrir vatnafari á áhrifasvæði framkvæmdarinnar og komi tvöföldun Suðurlandsvegar ekki til með að hafa veruleg áhrif á vatnafar óháð kostum.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála álit Skipulagsstofnunar um að tvöföldun Suðurlandsvegar komi ekki til með að hafa veruleg áhrif á vatnafar enda stendur til að byggja breikkun vegarins við hlið núverandi veglínu að mestu og í svipaðri hæðarlegu.

3.2.7 Áhrif á gróður

Álit Skipulagsstofnunar um matskýrslu

Skipulagsstofnun telur að eftir því sem framkvæmdasvæði fyrirhugaðrar tvöföldunar Suðurlandsvegar verður breiðara því umfangsmeiri og neikvæðari verða áhrif framkvæmdarinnar á gróður, þar sem fjær veginum eru óraskaðri gróðursamfélög en nær honum. Þrátt fyrir að stórar og samfelldar mosabreiður muni raskast við gerð 2+2 vegar í víðu sniði, þá munu engar sjaldgæfar né friðaðar plöntur verða fyrir áhrifum tvöföldunarinnar. Því telur Skipulagsstofnun að áhrif 2+2 vegar með mislægum vegamótum á gróður verði talsverð neikvæð.

Skipulagsstofnun ítrekar að frágangur verði unnin í samráði við Umhverfisstofnun, bæði hvað varðar frágang á eldri röskun við vegstæðið og þeirrar sem mun hljóta af tvöfölduninni. Skipulagsstofnun telur mjög mikilvægt óháð þeim kosti sem verður fyrir valinu, að þess sé gætt að við framkvæmdirnar verði sérstaklega hugað að því að valda sem minnstu raski á viðkvæmum gróðri áhrifasvæðisins.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála álit Skipulagsstofnunar um að 2+2 vegur með víðu sniði muni hafa mest áhrif á gróður. Miðað við vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar¹ er á áhrifasvæðinu eyðimelavist, lyngmóavist á láglendi, starungsmýravist, mosamelavist, grasmóavist, fjalldrapamóavist og hraungambravist. Samkvæmt Náttúrufræðistofnun er verndargildi lyngmóavistar á láglendi og grasmóavistar hátt og verndargildi starungsmýravistar er mjög hátt. Verndargildi annarra vistgerða á svæðinu er lágt eða miðlungs. Þær vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt finnast í öllum landshlutum. Ekki er að finna á svæðinu votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. 60/2013 um náttúruvernd. Að mati bæjarstjórnar eru því áhrif á gróðurfar metin nokkur á þeim kafla sem um er rætt. Sem mótvægisáðgerð vegna hliðarvegs ber að nýta gróður á vegstæðinu með því að fjarlægja hann og nýta í yfirborðsfrágang eins og hægt er.

¹ [Vefsíða Náttúrufræðistofnunar](#), sótt 26. maí 2023.

3.2.8 Áhrif á fugla

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að lagning 2+2 vegar með mislægum vegamótum, sem nær yfir um 75 ha lands og raskar þar með víðfeðmum búsvæðum fugla á valista og ábyrgðartegunda muni hafa verulega neikvæð áhrif á fugla. Draga má úr neikvæðum áhrifum með því að halda framkvæmdum í lágmarki á varptíma.

Afstaða bæjarstjórnar

Samkvæmt fuglaskýrslu sem fylgdi matsskýrslu Vegagerðarinnar kemur fram að töluvert af andfuglum hefur viðdvöl á ánni á þessum kafla yfir sumartímann (Hólmsá-Lækjarbotnar). Gulönd hefur sést í lok maí, en annars er gulöndin vetrargestur á vatnasviði Elliðavatns. Straumendur sjást reglulega á útfalli Hólmsár úr Náttugavatni. Það eru sennilega fuglar á leið á varpstöðvar á ár ofar í landinu.

Aðrir fuglar við ána eru helst mófuglar. Af algengnum varpfuglum má nefna rjúpu, tjald, heiðlóu, sandlóu, lóupræl, hrossagauk, jaðrakan, spóa, þúfutittling, maríuerlu og skógarþröst. Aðrir algengir fuglar, sem aðallega heimsækja svæðið en verpa þar ekki, eru m.a. sílamáfur, kría, stari og hrafn.

Nokkrar af þeim tegundum sem fundust við svæðið eru taldar ábyrgðartegundir. Allar eru þær taldar vera í lítilli hættu vegna framkvæmdanna að undanskildri Heiðlóunni, sem er talin vera í nokkurri hættu.

Bæjarstjórn telur að þessi hluti framkvæmdanna kunni að hafa neikvæð áhrif á fuglalíf og við tímasetningar framkvæmda þurfi að huga að varptíma ef unnt er að koma því við.

3.2.9 Áhrif á vatnalíf

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að mögulegar mótvægisáðgerðir til þess að koma í veg fyrir mengun vatnsbóla skili sér jafnframt í því að minni líkur verði á neikvæðum áhrifum á vatnalíf.

Skipulagsstofnun telur að breytingar á Suðurlandsvegi séu ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á vatnalíf á rekstrartíma. Skipulagsstofnun bendir framkvæmdaraðila á að haga framkvæmdum m.a. tímasetningu framkvæmda næst mikilvægum vatnasvæðum á þann hátt að þær hafi sem minnst áhrif vatnalíf og hafi samráð við sérfræðinga á því sviði.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála álini Skipulagsstofnunar um að á framkvæmdartíma muni líkur á neikvæðum áhrifum á vatnalíf aukast í samræmi við umfang framkvæmda og einnig að mótvægisáðgerðir minnki líkur á þeim áhrifum. Þær eru m.a. að tryggja fullnægjandi ástand vinnutækja og að verktakar þekki viðbrögð við óhappi á vatnsverndarsvæðum. Slíkar áðgerðir eru einnig til þess fallnar að koma í veg fyrir mengun sem gæti haft áhrif á vatnalíf í nágrenni vegarins.

3.2.10 Áhrif á fornminjar

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni raska ýmsum minjum og telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin hafi talsverð neikvæð áhrif á fornminjar og leggur áherslu á að Vegagerðin þurfi að fara eftir tilmælum Fornleifaverndar ríkisins [nú Minjastofnunar] hvað varðar umgengni um þær fornminjar sem greint er frá í matsskýrslu. Stofnunin telur mikilvægt að athafnasvæði, sem ná til svæðis utan eiginlegs framkvæmdasvæðis og fornleifaskráning náði því ekki til, verði ekki staðsett nálægt fornminjum.



Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn gerir ekki athugasemd við álit Skipulagsstofnunar um áhrif framkvæmda á fornminjar. Nærri framkvæmdum eru merktar fornminjar. Bæjarstjórn leggur áherslu á að verktaki fari eftir tilmælum hvað varðar umgengni um fornminjar sem eru í nágrenninu um að þær verði merktar, til að tryggja að þær verði ekki fyrir raski. Í deiliskipulagi er gert grein fyrir því að tvær fornminjar verði fyrir raski við þennan hluta framkvæmdarinnar. Minjastofnun gerir ekki athugasemdir í umsögn sinni við deiliskipulagið. Bæjarstjórn gerir því ekki frekari kröfu um aðgerðir.

3.2.11 Áhrif á landslag og sjónrænir þættir

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að núverandi Suðurlandsvegur hafi áhrif á ásýnd þess landslags sem hann liggur um. Breikkun vegarins sem felur í sér gerð 2+1 vegar eða 2+2 vegar í þröngu sniði mun ekki valda verulega neikvæðum sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag miðað við núverandi aðstæður. Skipulagsstofnun telur hins vegar að breikkun nýs vegar um tvær akreinar með miðdeili á allri vegleiðinni muni óhjákvæmilega hafa töluverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér og neikvæðar ásýndarbreytingar enda vegurinn allur mun meira mannvirki en núverandi vegur. Lagning 2+2 vegar, einkum þar sem gert er ráð fyrir mislægum vegamótum og hækkun vegarins á tveimur köflum muni valda verulega neikvæðum sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag. Sérstaklega eigi þetta við vegamót og hljóðvarnir við Geirland.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er sammála áliti Skipulagsstofnunar um að 2+2 vegur hafi talsverð sjónræn áhrif. Engu að síður liggur tveggja akreina Suðurlandsvegur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og því verða ásýndarbreytingar minni en ef um óraskað land væri að ræða. Þá er ekki gert ráð fyrir mislægum vegamótum á umræddum vegkafla.



4 Forsendur ákvörðunar

4.1 Lagaleg umgjörð

Við ákvörðun um leyfisveitingu og valkosti, var m.a. litið til eftirfarandi ákvæða í lögum um náttúruvernd, lögum um mat á umhverfisáhrifum, skipulagslög og vegalög.

Verndarmarkmið og ákvæði í náttúruverndarlögum nr. 60/2013, m.a.:

- Verndarmarkmið náttúruverndarlaga, sérstaklega 2. og 3. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi, tegundir, jarðminjar og landslag.
- Öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra.
- Við töku hvers kyns ákvarðana sem áhrif geta haft á friðuð vistkerfi, vistgerðir eða tegundir skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar.
- Forðast ber að raska ákveðnum vistkerfum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til.

Markmiða þágildandi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, m.a.:

- Að matsferlinu sé fyrst og fremst ætlað að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggi fyrir helstu upplýsingar um þá þætti umhverfisáhrifa framkvæmdar sem máli skipta og að tekið sé mið af þessum upplýsingum og samráði við stofnanir og almenning við útgáfu framkvæmdaleyfis.
- Að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Markmið skipulagslaga nr. 123/2010, m.a.:

- Að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi.
- Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Markmið laga um menningarminjar nr. 80/2012

- Að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

4.2 Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við aðalskipulags Kópavogsbæjar. Í kafla 5.1.2 er fjallað um Suðurlandsveg. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir tvöföldun vegarins.

Tröllabörn, sem er friðlýst náttúruvætti, er í nágrenni framkvæmdasvæðis en utan áhrifasvæðis.

Með samþykkt sinni á stefnu Aðalskipulags Kópavogsbæjar 2019-2040, hefur bæjarstjórn sett fram skýra stefnu um stofnvegi í sveitarfélaginu.

4.3 Deiliskipulag

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við deiliskipulag fyrir Suðurlandsveg frá Fossvöllum og Hólmsá, dags. 30. júní 2022.



4.4 Náttúruvernd

Friðlýst svæði, Tröllabörn, eru í nágrenni framkvæmdasvæðis en utan áhrifasvæði framkvæmda.

Varðandi rask á jarðmyndum, sem njóta verndar skv. 61. Gr. náttúruverndarlaga, telur bæjarstjórn að fyrir liggi brýn nauðsyn fyrir því raski til að tryggja umferðaröryggi. Ekki liggi fyrir aðrir raunhæfir kostir sem dragi úr raski. Þá liggur auk þess fyrir umsögn Umhverfisstofnunar um deiliskipulag framkvæmdanna, þar sem ekki er gerð athugasemd við raski á eldhrauni.

4.5 Önnur leyfi

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að liggja fyrir starfsleyfi Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Afgreiðsla þess mun ljúka á næstunni.

4.6 Samþykki landeigenda

Umrædd framkvæmd er innan þjóðlendna. Fyrir liggur samþykki forsætisráðuneytisins, dags. 6.7.2021, á fyrirhugaðri nýtingu á landinu. Lögð er áhersla á að sem minnst rask verði á landslagi og jarðvegi, að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag.

Samkvæmt matsskýrslu er hluti af framkvæmdasvæði í eigu nokkurra aðila, bæði sveitarfélaga og einstaklinga og ríkisins sem þjóðlenda. Gunnarshólmi og Geirland eru í einkaeign og Kópavogsbær á Lögberg. Bæjarstjórn Kópavogs gerir þá kröfu til Vegagerðarinnar ná samningum við landeigendur þess lands sem framkvæmd fer um áður en framkvæmdir hefjast. Jafnframt óskar bæjarstjórn eftir því að Vegagerðin upplýsi sveitarfélagið þegar samþykki aðila liggi fyrir.

4.7 Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum

Afgreiðsla á umsókn Vegagerðarinnar byggir m.a. á því að verklag sem komi fram í matsskýrslu, áliti Skipulagsstofnunar, deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi verði fylgt.

Framkvæmdaraðila ber að upplýsa Landsnet ef fyrirhuguð vinna fer nálægt spennuhafa.